

Föstudaginn 25. nóvember 1955.

Nr. 12/1954. **Haukar h/f** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sæfinni h/f (Einar B. Guðmundsson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lín-
dal prófessor.

Dráttaraðstoð skips.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1954, og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 10. september 1953 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Loks krefst hann þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Sæfinni, EA 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má á það fallast, að hjálp sú, sem skip áfrýjanda veitti skipi stefnda, verði ekki talin björgun í merkingu 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lýst því, að aflatjón hans vegna aðstoðarinnar hafi numið kr. 6000.00—8000.00, og er því ekki andmælt af hálfu stefnda. Með tilliti til þessa og annarra atvika þykir þóknun áfrýjanda fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 12.000.00 með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 4500.00. Þá ber og að dæma áfrýjanda sjóveð í v/s Sæfinni til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Sæfinnur h/f, greiði áfrýjanda, Haukum h/f,

kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. september 1953 til greiðsludags og samtals kr. 4500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi á sjóveð í v/s Sæfinni, EA 9, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 16. nóvember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 15. september s.l. af Jóni Guðmundssyni f. h. Hauka h.f., Ólafsfirði, á hendur Gísla Kristjánssyni f. h. Sæfinns h.f., Akureyri, eiganda vélskipsins Sæfinns, EA 9.

Stefnendur gera þær aðalkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 120 þúsund í björgunarlaun auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Til vara hefur hann krafizt, að honum verði tildæmd þóknun fyrir dráttaraðstoð við v/s Sæfinn eftir mati dómsins auk 6% ársvaxta. Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar og viðurkenningar sjóveðréttar fyrir dæmdum kröfum í v/s Sæfinni.

Stefndi hefur krafizt sýknu af aðalkröfu stefnanda og málskostnaðarkröfu hans og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara hefur hann krafizt stórfelldrar lækkunar á kröfu stefnanda og málskostnaðar sem áður greinir.

Stefáni Árnasyni, umboðsmanni Almennra trygginga h.f. á Akureyri, váttryggjanda v/s Sæfinns, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu f. h. váttryggingarfélagsins, en hann hefur ekki látið mæta, enda eru engar kröfur á hendur honum gerðar.

Málavextir eru þessir: Föstudaginn 20. marz 1953 kl. 06.00 fór v/s Sæfinnur frá Grindavík og fór að draga þorskanet sín á Sandvík sunnan Reykjaness. Þegar búið var að draga eina trossuna, var aftur lagt á 15—18 faðma dýpi. Meðan verið var að leggja netin, fór eitt þeirra í skrúfuna, og festist það svo, að vélin stöðvaðist fyrst alveg, og var vélin þá tekin úr sambandi og netið skorið frá og reynt að ná því úr skrúfunni, en það tókst ekki. Var smákúpplað að til að athuga, hvort vélin þyldi netið. Síðan var reynt að setja skrúfuna ýmist í skurð eða áfram, en skrúfa skipsins var skiptanleg. Telur I. vélstjóri, sem frá þessu hefur einkum skýrt, að þá hafi gangur vélarinnar liðkazit og þá hafi skipið virzt fara að vinna og fjarlægjast landið, þótt hægt færi, eins og hann orðaði það. Skipstjórinn á v/s Sæfinni hefur borið, að kl. hafi verið um 08.00, er netið fór í skrúfuna, og tekið hafi um 10 mínútur að losa það.

Þenna sama morgun sigldi v/s Haukur I., ÓF 5, frá Ólafsfirði, suður fyrir Reykjanes og fór að netjum sínum á Sandvík, sem voru

utar en net v/s Sæfinns. Eftir að netið var komið í skrúfuna hjá Sæfinni, kölluðu þeir til skipstjórans á v/s Hauki I. og báðu um drátt norður fyrir Reykjanes. Fór v/s Haukur Sæfinni þegar til hjálpar, og áttu þeir þá ódregnar 2 trossur. Samkvæmt skýrslu skipstjórans á v/s Hauki I. var kl. um 10.30, þegar drátturinn hófst. Skipstjórinn á v/s Hauki I. hefur skýrt svo frá, að þeim hafi gengið vel að nálgast v/s Sæfinn, og notuðu þeir dráttartaug frá því skipi og höfðu skipverjar Sæfinns hana tilbúna til að láta hana rekjast út, þegar búið var að festa hana í v/s Hauk I. Var síðan haldið norður fyrir Reykjanes, en er komið var út af Stórusandvík, hafði skipstjórinn á v/s Sæfinni samband við skipstjórnann á Hauki I. og óskaði eftir, að þeir slepptu dráttartauginni, og var það gert. Var kl. þá um 13.30 að sögn skipstjórans á v/s Hauki. Allan tímann meðan á drættinum stóð, var vél Sæfinns keyrð. Nú voru segl sett upp á Sæfinni og siglt norður að Stafnesi, en þá voru seglin tekin saman, enda sagði skipstjórinn, að þá hefði verið komið logn. Var síðan keyrt inn fyrir Garðskaga og lagzt við Gerðahólma kl. 18.00. Var lífbáturinn þá settur út og farið að skera netið úr skrúfunni, og var því lokið kl. 21.00. V/s Haukur I. snéri við, þegar drættinum lauk, til að vitja um net sín, en snéri aftur við Reykjanes, en samkvæmt dagbók skipsins hafði veður og sjór aukizt, og fór inn fyrir Skaga og vitjaði eigi um netin, sem eftir voru, fyrr en daginn eftir.

Skal nú vikið nokkuð nánar að því, sem fram hefur komið við sjópróf og vitnaleiðslur í málinu. Samkvæmt framlögðu endurriti úr dagbók v/s Hauks I. gat Sæfinnur aðeins haldið sér við rétt framan við brotið, og hefur skipstjórinn á Hauki I. sagt, að hann efist um, að sú vegalengd hafi verið meira en 50 faðmar, og áætlaði dýpið 15 faðma. Þeir tveir af skipshöfn Hauks I., er mætt hafa í málinu, hafa hins vegar ekki getað borið neitt um þessa vegalengd annað en það, að annar þeirra sagði, að Sæfinnur hefði verið nokkuð nær landi. Skipstjórinn á Hauki I. telur, að verið hafi stinningskaldi og mikill sjór, þar til komið var norður fyrir Reykjanes, en þá hafi sjórinn minnkað. Þá sagði sami skipstjóri, að Sæfinnur hafi aðeins getað haldið sér við, eins og vindur var þá, en ekki meira, og taldi útilokað, að Sæfinnur hefði komizt fyrir Reykjanes af eigin ramleik með vélarorku sinni, og einnig áleit hann, að tæplega hefði verið hægt fyrir hann, þegar tekið væri tillit til allra aðstæðna, að bjarga sér á seglum. Þá telur hann, að aðstæður til að liggja á Sandvík fyrir akkerum hafi verið mjög slæm vegna þess, að botninn sé grjótt og klöpp, og ef skipið hefði rekið upp þarna, þá hefði það verið lífsháski fyrir mennina.

Auk þess, er að framan greinir, hefur skipstjórinn á v/s Sæfinni borið, að þeir hafi verið á um $\frac{3}{4}$ mílna ferð, er Haukur I. tók þá í drátt, og sjór hafi verið töluverður og brim við land og hafi landtaka verið ómöguleg, eins og veðri og sjó var háttað. Einnig hefur hann sagt, að þeir hafi verið á 12 faðma dýpi, er skrúfan var aftur

sett í samband, og hafi þá skipið haldið aðeins upp í vindinn og hafi þeir verið á um 20 faðma dýpi, er Haukur hóf dráttinn. Þá sagði hann, að á meðan v/s Haukur I. hafi dregið þá, hafi veður haldizt óbreytt, en þó hægt heldur. Hann heldur, að þeir hefðu komizt fyrir Reykjanes með hjálp vélarinnar einni saman, en það hefði tekið langan tíma.

I. vélstjóri á v/s Sæfinni álitur, að þeir hafi verið í um 400 faðma fjarlægð frá landi, er Haukur I. hóf dráttinn, og að brotið hafi um 30 faðma frá landi. Þá sagði vitni þetta, að fyrst eftir að sett hafði verið á fulla ferð, eftir að netið hafði verið skorið sundur, hafi því hvorki virzt skipið fjarlægjast landið eða nálgast það, og hafi þannig gengið í 15—20 mínútur, þar til þeir fóru að skipta skráfunni ýmist áfram eða á skurð, eins og áður var að vikið. Ekki kvaðst vitnið geta um sagt, hvort v/s Sæfinnur hefði verið fjær landi eða nær, þegar v/s Haukur I. tók hann í drátt, heldur en þegar netið fór í skráfuna, og gat ekkert sagt um ganghraða v/s Sæfinns, er hann var tekinn í drátt. Einnig hefur vitni þetta borið, að það hafi gert sér grein fyrir, að Sæfinnur myndi komast fyrir Reykjanes eða til Vestmannaeyja, strax og skipið fór að vinna á, en þá hafi v/s Haukur I. verið á leiðinni til þeirra. Vitnið áleit vafasamt, að Sæfinnur hefði getað legið fyrir akkerum á Sandvík.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar á dskj. nr. 9 var veður þenna dag við Reykjanesvíta kl. 08.00 SA, vindhæð 6, rigning, skyggni 3.0—3.2 km og talsverður sjór. Kl. 11.00 var vindurinn SV 4 og sjór óbreyttur, en kl. 17.00 og kl. 23.00 SSV 4 og dálítill sjór, en síðan fór veður og sjór batnandi.

Það er upplýst, að v/s Sæfinnur, EA 9, er 102 brúttó smálestir að stærð. Samkvæmt matsgerð, er fram fór á skipinu undir rekstri málsins, er skipið nokkuð gamalt, byggt úr harðviði, en var í allgóðu ástandi, vélin einnig við aldur, en af góðri tegund og talin hafa reynzt vel. Búnaður og siglingatæki voru talin vera í góðu lagi. Samkvæmt matinu var skipið með vél og búnaði talið vera að verðmæti kr. 540 þús. Kaskótrygging skipsins var kr. 450 þús. og interessutrygging kr. 112.500.00, og samkvæmt yfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda var farangur skipverja v/s Sæfinns vátryggður fyrir kr. 70 þús. og verðmæti veiðarfæra mat hann á kr. 37.000.00 og afla skipsins á kr. 4600.00. Samkvæmt yfirlýsingu stefnda var v/s Haukur vátryggður alls fyrir eina milljón króna og farangur skipverja fyrir kr. 50 þús. og veiðarfæri fyrir kr. 75—80 þús.

Stefnandi telur, að með hliðsjón af því, að v/s Sæfinnur hafi verið staddur inni á Sandvík með net flækt í skráfuna, sem eigi verður losað á staðnum í SV stormi, sem stóð á land, og mikið brim við ströndina og vaxandi sjór og skipið statt skammt frá brotinu, hafi hér verið um björgun að ræða úr yfirvofandi háska. Hann telur, að litlar líkur séu til, að skipið hefði komizt fyrir Reykjanes af eigin

ramleik og að skipið hefði ekki getað legið við akkeri á vikinni, eins og botninum og veðri var háttað.

Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að hér hafi verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna, einkum með þeim röksemdum, að skipið hafði verið komið af 12 faðma dýpi, er skráfan hafi verið sett í samband, á 20 faðma dýpi, þegar v/s Haukur hafi tekið hann í drátt, að skipið hafi gengið $\frac{3}{4}$ úr mílu móti vindi og kviku og hafi haft seglaútbúnað í fyllsta lagi. Þá telur hann, að v/s Sæfinnur hefði tiltölulega auðveldlega getað siglt ekki krappan beitivind með hjálp vélarinnar útsuður til Vestmannaeyja. Einnig hefði hann getað lagzt við akkeri á vikinni og hreinsað skrúfuna alveg.

Varðandi varakröfuna hefur stefndi sagt, að hann hafi ekki mótmælt því, að um aðstoð hefði verið að ræða af hálfu stefnanda, en tók fram, að umboðsmaður Almennra trygginga h.f. á Akureyri hefði lagt inn kr. 7500.00 á nafn stefnanda hjá Landsbanka Íslands á Akureyri sem fullnaðargreiðslu fyrir aðstoðina, og hafi þessi greiðsla því jafnan verið til boða síðan, og hefur málskostnaðarkröfunni sérstaklega verið mótmælt með tilliti til þessa.

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt þeirri skýrslu skipstjórans á v/s Sæfinni, að skipið hafi gengið um $\frac{3}{4}$ úr mílu móti sjó og vindi, og þar sem skipið einnig hafði nokkur segl til að hjálpa sér með, ef í nauðir rak, og veður fór ekki versnandi samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, þá verði að ætla, að v/s Sæfinnur hefði komizt fyrir Reykjanes, og þegar jafnframt er tekið tillit til annars, sem upplýst er í málinu, telur rétturinn, að hér hafi eigi verið að ræða um björgun í merkingu 229. gr. siglingalaganna. Ber þá að taka afstöðu til varakröfu stefnanda um þóknun fyrir dráttaraðstoð. Eins og áður greinir, er talið að dráttur skipsins hafi staðið um 3 klst., talið er, að v/s Haukur hafi verið hjá v/s Sæfinni um 15—20 mín. áður en dráttur hófst, og hann var tiltölulega skammt undan, þegar leitað var aðstoðar hans. Telja verður, að fyrir hafi farizt hjá Hauksmönnum að draga netin þenna dag vegna aðstoðarinnar við v/s Sæfinn, og má því reikna með, að þeir hafi misst af einni lögn og þá um leið af nokkrum afla, en engar upplýsingar liggja fyrir um afla skipa á þessum slóðum þenna dag. Þá telja eigendur v/s Hauks sig hafa orðið fyrir nokkru tjóni vegna þess, að fiskurinn í netjunum hafi orðið 2ja náttu og við það fallið í verði um 10 aura á kg, miðað við einnar nætur fisk. Ekki er upplýst, að neinar skemmdir hafi orðið á skipinu eða dráttartaugum hjá skipi stefnanda, enda er upplýst, að skip stefnda lagði til dráttartaugina. Með hliðsjón af þessu og verðmæti v/s Hauks og annarra hagsmuna, sem í húfi voru, þykir hæfilegt að dæma stefnanda kr. 8 þús. fyrir dráttaraðstoð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað. Þá þykir samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna eiga að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda fyrir öllum dæmdum kröfum í v/s Sæfinni, EA 9.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi hjá bæjarfógeta Akureyrar, og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson og Gísli Eyland, fyrrverandi skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Kristjánsson f. h. Sæfinns h.f., Akureyri, greiði stefnanda, Haukar h.f., Ólafsfirði, kr. 8000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1953 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Sjóveðréttur stefnanda er viðurkenndur í v/s Sæfinni, EA 9, fyrir öllum dæmdum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1955.

Nr. 159/1955. Jörundur Jörundsson,
Steingrímur Sigvaldason og
Jón Sigurðsson

gegen

Keili h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulega dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. október 1955, sem hingað barst 1. nóvember s. á., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 17. október 1955 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kostnað af kærumáli þessu eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja